

LÖG

um breyting á lögum nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga
opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 35/1976, lög nr. 23/1977, lög nr.
58/1977, lög nr. 61/1977 og lög nr. 22/1981.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. tl. 2. mgr. 1. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 22/1981) orðist svo:

1. ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskups Íslands, póst- og símamálastjóra, yfirsakadómara í Reykjavík, yfirborgardómara í Reykjavík, yfirborgarfógeta í Reykjavík, tollstjórans í Reykjavík, tollgæslustjóra, borgardómara, borgarfógeta, sakadómara, sýslumanna, bæjarfógeta, héraðsdómara, rannsóknarlögreglustjóra, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, orkumálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, vegamálastjóra, sendiherra, skattrannsóknastjóra, verðlagsstjóra né þeirra ríkisskattanefndarmanna sem hafa nefndarstörfin að aðalstarfi.

2. gr.

3. mgr. 4. gr. laganna (sbr. 2. gr. laga nr. 22/1981) orðist svo:

Launakjör ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskups Íslands, póst- og símamálastjóra, yfirsakadómara í Reykjavík, yfirborgardómara í Reykjavík, yfirborgarfógeta í Reykjavík, tollstjórans í Reykjavík, tollgæslustjóra, borgardómara, borgarfógeta, sakadómara, sýslumanna, bæjarfógeta, héraðsdómara, rannsóknarlögreglustjóra, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, orkumálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, vegamálastjóra, sendiherra, skattrannsóknastjóra, verðlagsstjóra og þeirra ríkisskattanefndarmanna, sem hafa nefndarstörfin að aðalstarfi, skulu ákveðin af kjaradómi.

3. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Kveðið skal á um lengd samningstímabils í aðalkjarasamningi.

4. gr.

2. mgr. 22. gr. orðist svo:

Í dómi kjaradóms skal ákveðið hvenær hann skuli koma til framkvæmda, og gildir hann í eitt ár frá lokum gildistíma síðasta samnings.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Sýslumenn, bæjarfógetar og aðrir uppboðshaldarar skulu, meðan þeir sitja í því embætti sem þeir eru nú skipaðir í, eiga rétt á, ef þeir óska þess, að halda áfram sömu lögkjörum og þeir nú njóta, þó ekki lengur en til ársloka 1990.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Núgildandi kjarasamningar, sem gerðir hafa verið samkvæmt ákvæðum þessara laga, skulu gilda til 28. febrúar 1985.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. og 4. málslíður 1. tl. 7. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1982, orðist svo:

Þó er fjármálaráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að frá heildsöluverði verksmiðjuframliddra íbúðarhúsa, barnaheimila, leikskóla, félags- og safnaðarheimila og atvinnuhúsnæðis megi framleiðandi þeirra draga við söluskattsuppgjör tiltekinn hundraðshluta verðsins. Skal frádráttarhlutfallið ákveðið sérstaklega fyrir hvert afhendingarstig þeirra húsa, sem um ræðir í 3. málslíð, og taka mið af því að sú verksmiðjuvinna verði undanþegin söluskatti er unnin hefði verið söluskattsfrjáls á byggingarstað við smíði húss á hefðbundinn hátt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.